

Sveitapósturinn



www.audhumla.is www.ms.is

Fréttir til bænda 02. tbl. 4. árg. febrúar 2008

Deildafundir – aðalfundur – beingreiðslur

Deildafundir 2008

Deildafundir Auðhumla hefjast að þessu sinni þann 25. febrúar næstkomandi kl. 13:30 þegar Eyjafjalladeild og Mýrdalsdeild halda sameiginlegan aðalfund að Hótel Önnu, Moldnúpi eins og sjá má á meðfylgjandi yfirliti yfir deildafundina. Það eru 21 deild sem mynda Auðhumla en vegna nokkurra sameiginlegra deildafunda verða fundirnar alls 15 að þessu sinni.

Deildafundir eru mikilvægur liður í stjórnskipulagi Auðhumla og því hvet ég alla félagsmenn til að mæta vel á þessu fundi sem eru góður vettvangur upplýsinga og skoðanaskipta. Formaður Auðhumla eða fulltrúi stjórnar mun fjalla um félagsmál, framleiðslumál og framleiðsluhorfur. Mjólkursáttararnir munu fjalla um gæðamál og veita framleiðendum viðurkenningu fyrir framleiðslu á úrvalsmjólki. Gerð verður grein fyrir starfsemi Mjólkursamsölnnar og hvernig til hefur tekist með sölu mjólkurafurða á síðasta ári. Að lokum mun undirritaður fjalla um skipulag og

starfsemi Auðhumla og kynna niðurstöðu stefnumótunarvinnu sem stjórn félagsins hefur unnið að frá því síðastliðið vor og var m.a. til umræðu á fulltrúaráðsfundi félagsins í nóvember síðastliðnum.

Að loknum framsögum verða umræður en fundirnir enda svo á hefðbundnum aðalfundarstörfum þar sem deildirnar byrja á því að kjósa sér deildarstjóra og varadeildarstjóra og svo einn fulltrúa fyrir hverja níu framleiðendur sem starfa innan deildarinnar.

Aðalfundur – 11. apríl 2008

Aðalfundur Auðhumla vegna ársins 2007 verður haldinn í félagsheimilinu Hlöðum á Hvalfjarðarströnd föstudaginn 11. apríl 2007. Fundurinn hefst með hádegisverði kl. 12:00 en sjálfur aðalfundurinn hefst kl. 13:00. Á aðalfundinn mæta allir fulltrúar félagsins sem eru 86 talsins. Fundurinn er að sjálfsögðu opinn öllum félagsmönnum og hvet ég alla almenna félagsmenn til að nýta sér það og mæta á fundinn.

Beingreiðslur

Töluverð umræða hefur verið undanfarnar vikur um það styrkjakerfi sem kúabændur búa við hér á landi. LK hélt framíðarþing þar sem ýmsir komu og spáðu í spiln hvernig umhorfs yrði árið 2020. Núverandi búvörusamningur gildir til ársins 2012 og því er tímabært að bændur fari að undirbúa nýjan búvörusamning. Það ríkir góð sátt um beingreiðslukerfið. Kerfið er einfalt og gagnsætt en er auðvitað markaðstruflandi samkvæmt skilgreiningu hagfræðinga. Þrátt fyrir það hefur þetta kerfi nýst mjólkuriðnaðinum vel. Miklar framfarir hafa verið í greininni og því tel ég mikinn ábyrgðarluta að opna fyrir umræðu um breytingar á þessu kerfi nema að hægt sé að benda á önnur betri úrræði sem eru kúabændum hagfelld.

Með bestu kveðju,
Guðbrandur Sigurðsson

Auðhumla svf. - Deildafundir og aðalfundur 2008			
		Hádegisfundir	Kvöldfundir
25. feb.	Mán	Eyjafjalladeild / Mýrdalsdeild - Hótel Önnu, Moldnúpi, kl. 13:30	Austur-Skaftafellsdeild - Seljavöllum, kl. 20:30
26. feb.	Þri	Skaftárdeild - Hótel Kirkjubæjarklaustri, kl. 13:30	Landeyjadeild / Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild - Hlíðarenda, Hvolsvelli, kl. 20:30
28. feb.	Fim	Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild / Gaulverjabæjar - Villingsholts- og Stokkseyrardeild - Fundarsal MS Selfossi, kl. 13:30	Biskupstungna-, Laugardals- og Grímsnesdeild / Hrunamannadeild / Skeiða- og Gnúpverjudeild - Félagsheimilinu Flúðum, kl. 20:30
10. mars	Mán	Snæfellsnesdeild / Mýrasýsludeild - Hymunni, Borgarnesi kl. 13:00	Borgarfjarðardeild / Hvalfjarðardeild - Mótél Venusi, kl. 20:30
11. mars	Þri	Austur-Húnaþingsdeild - Sjálfstæðishúsinu Blönduósi, kl. 13:30	Vestur-Húnaþingsdeild - Félagsheimilinu Ásbyrgi, Laugarbakka, kl. 20:30
13. mars	Fim		Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild - Laugalandi, Holtum, kl. 20:30
14. mars	Fös	Breiðafjarðardeild - Félagsheimilinu Dalabúð, Búðardal, kl. 13:30	
17. mars	Mán	Austurlandsdeild - Gistihúsinu Egilsstöðum, kl. 13:30	
19. mars	Mið	Norðausturdeild - Sveinbjarnargerði, kl. 13:00	
27. mars	Fim	Breiðafjarðardeild, Ísafjörður - Hótel Ísafirði, kl. 13:30	
11. apríl	Fös	Aðalfundur Auðhumla svf. - Félagsheimilinu Hlöðum á Hvalfjarðarströnd, kl. 13:00	

Innvegin mjólk 2007

Innvegin mjólk á sl. ári var 124.816.832 ltr. Það er aukning um 6,62%.

Sala umreiknuð í prótein var: 114,9 millj. lítrar. Það er aukning um 1,48%.

Sala umreiknuð í fitu var: 108,7 millj. lítrar. Það er aukning um 4,65%.

Hækkun á lágmarksverði mjólkur frá 1. janúar 2008

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið nýtt lágmarksverð á mjólk til framleiðenda. Lágmarksverðið gildir frá 1. janúar 2008 og er 49,96 kr/ltr miðað við 1. flokks meðalmjólk (mjólk með skilgreindu efnainnihaldi).

Samsetning meðalmjólkur er óbreytt og er eftirfarandi:

Fita 4,00% og prótein 3,35%

Vægi efnaþátta í grundvallarverði mjólkur verður óbreytt hlutfall af afurðastiðvaverði:

Fita 25% og prótein 75%

Frá og með 1. janúar 2008 verður því verð á hverja fitu- og próteineiningu eftirfarandi:

Fita 3,1225 kr/ein eða 12,4900 kr/ltr

Prótein 11,1851 kr/ein eða 37,4700 kr/ltr.

Fari meðalefnainnihald mjólkur yfir ofangreint meðaltal, hækkar verðið pr/ltr en ef það fer undir lækkar verðið.

Gott að muna

- Framleiðendapjónusta SAM hóf starfsemi 1. desember sl.
- Kristján Gunnarsson stýrir þjónustunni á svæði MS Akureyri og MS Egilsstöðum. Sími hans er: 892 0397.
- Sigurður Grétarsson stýrir þjónustu á öðrum svæðum MS. Sími hans er: 863 3047. Vakt sími neyðarþjónustu 852 5508.

Met í innvigtun mjólkur hjá MS Akureyri á árinu 2007



Sigurður Rúnar Friðjónsson
mjólkurbússtjóri

Um áramót

Innvegin mjólk hjá MS Akureyri nam á árinu 2007 alls 31.795.000 lítrum og hefur aldrei í sögu samlagsins á Akureyri verið tekið við svo miklu magni til vinnslu. Aukningin milli ára nam tæplega 9%, þrátt fyrir að framleiðendum á svæðinu hafi fækkað um tvo á sama tíma. Í árslok 2007 voru þeir 167 talsins. Sigurður Rúnar Friðjónsson, mjólkurbússtjóri, segir margar skýringar á

þessari auknu framleiðslu bænda og sérstaklega sé ánægjulegt að afkoma mjólkurframleiðenda hafi farið batnandi á síðustu árum.

„Í fyrsta lagi hafa bændur verið hvattir til aukinnar framleiðslu á allra síðustu árum og upp á síðkastið hefur fengist gott verð í úflutningi á mjólkurvörum úr umframframleiðslunni. Ástæðan er sú að verð á mjólkurvörum í löndunum í kringum okkur hefur farið verulega hækkandi og flest sem bendir til að sú staða haldist áfram. Á þann hátt má segja að verðhækkanirnar erlendis hafi skilað sér í ákveðnu formi til mjólkurframleiðenda hér á landi nú þegar,“ segir Sigurður, en bætir við að framleiðsluaukningin milli ára eigi sér fleiri skýringar.

„Það má líka líta á þessa þróun sem ávöxt af faglegri vinnu mjólkurframleiðenda því við sjáum skýrt og greinilega að framþróun hefur orðið í fóðrun gripanna, mikil fjárfesting hefur átt sér stað í framleiðsluáðstöðunni, fóðurverkun á búunum, sem og mjaltatækninni. Og búin eru að stækka, þó fækkun fram-



Heimsókn að Hrafnagili, hringekjan skoðuð, frá vinstri bændurnir Jón Elvar og Grettir Hjörleifssynir, Magnús Ólafsson forstjóri MS, samlagsstjórnarnir Guðmundur Geir Gunnarsson MS Selfossi, Sigurður Rúnar Friðjónsson MS Akureyri og Sævar Hjaltason MS Búðardal.

Bændakynning

Nafn:

Bára H. Sigurðardóttir

Bú:

Lyngbrekka í Dalabyggð, við leggjum inn hjá MS Búðardal.

Heimilishagir:

Maki Sigurður B. Hansson, við eigum 3 börn. 1 son sem er með okkur í búskapnum, 2 dætur og 2 barnabörn.

Búskapur:

Blandaður búskapur. 60 – 70 mjólkurkúr, 60 geldneyti, 560 kindur og nokkur hross.

Hvenær hófstu búskap:

Árið 1975. Byggðum þá íbúðarhús, fljótlega hlöðu, fjós, fjárhús, verkfæra-geymslu og hesthús.

Hvað hefur breyst mest frá því að þú byrjaðir búskap:

Stækkun bóa og tækniþróun. Byrjuðum með 40.000 l kvóta. Erum í dag með Lely róbót og allt tæknivætt, verðum með 460.000 l kvóta á þessu ári. Breyttum fjósi og hlöðu í lausagöngu árið 2003. Gíafagrindur í fjárhúsum. Heyjað á nokkrum dögum með MCHale Fusion rúllusamstæðu.

Hver eru sóknarfærin í búskapnum í dag:

Tækniþróun, endurræktun túna og kornrækt. Íslendingar eru að framleiða bestu mjólkurvörur í heimi.

Hvar kreppir skóinn í búskapnum:

Hátt kvótaverð og jarðaverð. Miklar hækkanir á aðföngum eins og áburði, vextir eru háir, einnig kjarnfóður, olía og rafmagn. Hve erfitt er fyrir ungt fólk að byrja búskap.



Framtíðaráform þín:

Endurræktun túna, halda góðri meðalnyt og nýta búfjáráburð.

Góð ráð til MS og Auðhumlu:

Halda vörð um starfsstöðvarnar um allt land. Stjórn og stjórnendur verði í góðu sambandi við fulltrúaráð um mikilvægar ákvarðanir.

leiðenda milli ára sé óveruleg. Allt endurspeglar þetta betri afkomu búanna," segir Sigurður Rúnar.

Mikil gæði íslenskrar mjólkur

Aðspurður segir Sigurður Rúnar óhætt að fullyrða að í samanburði við önnur lönd séu gæði íslenskrar mjólkur mikil. Þá er sérstaklega átt við frumtölu og sá þáttur helst í hendur við gæði í úrvinnslunni, allt á borð neytandans.

„Á landsvísu eru gæðin mjög mikil og hér á Eyjafjarðarsvæðinu stöndum við vel að vígi – státtum af lægstu frumtölu yfir landið á síðasta ári. Það er auðvitað að þakka gæðastarfi bænda og samstarfi eftirlitsmanna okkar við bænda," segir Sigurður Rúnar. „Munur milli samlaga hvað frumtöluna varðar er raunar mjög lítil og undirstríkar hversu vel við erum sett gæðalega í mjólkurframleiðslunni hér á landi.

En engu að síður erum við stolt af árangrinum á okkar svæði."

Ostarnir stöðugt í sókn

Þó útlutningur hafi aukist á árinu 2007 þá hefur aukning á innanlandsmarkaði líka mætt þessari þróun í mjólkurframleiðslunni. „Ferskmjólkinn hefur átt í harðri baráttu á markaðnum síðustu 15-20 árin og reyndar er ánægjulegt að samdráttur í sölu ferskmjólkur milli ára er minni en oft áður. Hins vegar sjáum við góða aukningu í viðbiti, svo sem smjöri og sömuleiðis er ágæt aukning í ostasölu. Fólk er alltaf að læra meira og meira inn á ostaneysluna, auk þess sem ostur kemur sífellt sterkari inn í matargerðina og þetta skýrir öðru fremur hvers vegna osturinn er í góðri sókn. En hvað ferskmjólkina varðar þá hefur hún um árabíl átt í harðri baráttu við safana og gosdrykkina," segir Sigurður Rúnar.

Margt að gerast hjá MS Akureyri á árinu 2008

Sigurður Rúnar segir ómögulegt að spá fyrir um það nú í byrjun árs hvort metið í innvigtun mjólkur hjá MS Akureyri verði slegið aftur í ár. Því ráði ýmsir utanaðkomandi þættir. Nokkrar breytingar verða hins vegar innanhúss í samlaginu á Akureyri því smurostaframleiðslan er að flytjast frá Reykjavík til Akureyrar. Sömuleiðis tekur samlagið við allri dreifingu á mjólkurvörum á Austurlandi þann 1. apríl nk. Sú breyting útheimtir m.a. stækkun á kæli- aðstöðu. Auk þess verður ný og öflugri pökkunarlína fyrir ferskmjólk sett upp þannig að unnt verði að mæta verulega auknu þjónustusvæði í dagvörunni. Að sögn Sigurðar er um verulegar fjárfestingar að ræða vegna þessara breytinga og eru framkvæmdir þegar hafnar.

Flutningur Rannsóknarstofu SAM (áður Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins)

Rannsóknarstofa SAM hefur flutt frá Bitruhálsi 2, Reykjavík. Núverandi aðsetur er á tveimur stöðum, annars vegar á Selfossi (júgurbólguannsóknir) og hins vegar í Reykjavík (mælingarstarfsemi). Eftirfarandi eru ný aðsetur og upplýsingar um hvernig hægt er að ná sambandi við stofurnar:

Rannsóknarstofa SAM

– Mjólkursýnamælingar

Bitruhálsi 1 - 110 Reykjavík

Sími: 569 2370 - Fax: 569 2374

Neffang: rm@sam.is


Rannsóknarstofa SAM – Gerlaræktun

Austurvegi 65 - 800 Selfossi


Sími: 480 1627 - Fax: 482 3590

Neffang: ger@sam.is

Samanburður á frumtölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:

Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:

Sigrún Halldórsdóttir, sigrunh@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í janúar 2008

Vöru-flokkar	Sala þús. 2007	Sala þús. 2008	Mism. kr.	Mism. %	Magn ltr/kg 2007	Magn ltr/kg 2008	Mism. ltr/kg	Mism. %
1. Mjólkurvörur	632.879	646.119	13.240	2,09%	4.688.780	4.585.529	-103.251	-2,2%
2. Ostar og smjör	371.545	410.687	39.142	10,5%	552.371	598.605	46.235	8,4%
Samtals:	1.004.424	1.056.806	52.382	5,3%	5.241.151	5.184.134	-57.017	-1,1%

Ferksvörsala dróst saman um 2,2% eða 103 þús. ltr í janúar m.v. sama tíma í fyrra. Sala osta- og smjörvara jókst í janúar um 8,4% eða 46,3 tonn m.v. sama tíma í fyrra. Veltuaukning í janúar var 52,3 m.kr eða 5,3% m.v. sama tíma í fyrra.

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-jan.:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	48.583.018	47.319.846	1.263.172	2,67
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	41,52%	40,79%		

Landið janúar-janúar:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	10,562,427	10,489,962	72,465	0,69

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
1	2.345.425	2.156.333	189.092	8,77%
2	2.362.368	2.338.101	24.267	1,04%
3	2.381.677	2.354.451	27.226	1,16%
4	2.405.216	2.385.288	19.928	0,84%
5	2.417.185	2.417.878	-693	-0,03%
Samtals:	11.911.871	11.652.051	259.820	2,23%

Yfirlit mælinga hjá MS í janúar 2008

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Frumut.	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	MFM	MFM	Fjöldi
1/01/08-4/01/08	4,03	3,37	2,64	0,70	7,30	-0.547	16	250	228	2.813

Líftala í þúsundum hjá MS í janúar 2008

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
88,20	95,95	99,47	0,25	0,25	0,03